

Fimmtudaginn 2. apríl 1981.

Nr. 26/1979. **Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Kristjáni Sigurjónssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1979. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og áfrýjandi verði eigi dæmdur til að greiða honum hærri fjárhæð en 3.813.70 krónur og til þrautavara, að áfrýjandi verði eigi dæmdur til að greiða stefnda hærri fjárhæð en 6.262.45 krónur. Hann krefst þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður, ef varakrafa hans eða þrautavarakrafa verða teknar til greina.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður kjarasamningur milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar frá 1. mars 1976.

Í forsendum hins áfrýjaða dóms er það haft eftir vitninu Ara Sigurjónssyni, sem var skipstjóri á m/s Heimaey, er stefndi var þar vélstjóri, að hann hafi strikað yfir orðin: „vann sína vinnu af fullum vilja“ í vottorði því, sem hann undirritaði að beiðni eiginkonu stefnda. Reifun þessi er eigi rétt, svo sem fram kemur í framburði vitnisins fyrir dómi svo og af skjalinu sjálfu.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta niðurstöðu

héraðsdóms um bótaskyldu áfrýjanda vegna fyrirvaralausrar brottvikningar stefnda úr vélstjórastarfi.

Stefndi hefur einungis krafist bóta vegna tekjumissis til loka vetrarvertíðar 15. maí 1977.

Enginn ágreiningur er um það milli málsaðilja, að aflahlutur 1. vélstjóra á m/s Heimaey fyrir allt vertíðartímabilið 22. janúar til 15. maí 1977 hafi numið 801.221 gkrónu. Við það bætast fatapeningar 14.964 gkrónur og orlof 67.988 gkrónur. Verða þá heildartekjur 1. vélstjóra á vertíðinni 884.173 gkrónur. Með uppgjöri því, sem áfrýjandi sendi stefnda hinn 20. apríl 1977 í framhaldi af brottvikningu hans, fékk stefndi greiddar 257.928 gkrónur, sem var nettógreiðsla vegna kauptryggingar, fatapeninga og orlofs fyrir tímabilið 19. janúar til 6. mars 1977. Mismunur er 626.245 gkrónur, sem er sama fjárhæð og greinir í þrautavarakröfu áfrýjanda.

Stefndi á ekki rétt á að fá hærri tekjur en hann hefði haft, ef hann hefði gegnt stöðu sinni óslitið til vertíðarloka 15. maí. Ber því að ákveða bótageiðslu til hans vegna hinnar ólögmætu brottvikningar í samræmi við þrautavarakröfu áfrýjanda, eða 6.262.45 krónur.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um vexti, þó með þeirri breytingu, að upphafstími vaxta miðist við birtingu héraðsdómsstefnu hinn 20. júní 1977.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sjóveðrétt í m/s Heimaey, VE 1.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, greiði stefnda, Kristjáni Sigurjónssyni, 6.262.45 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 20. júní 1977 til 21. nóvember s. á., en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðslu-

dags og 4.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi á sjóveðrétt í m/s Heimaey, VE 1, fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómur sjó og verslunardóms Vestmannaeyja 21. nóvember 1978.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. nóvember sl., hefur Kristján Sigurjónsson vélstjóri, Kirkjuvegi 26, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, birtri 20. júní 1977, á hendur Hraðfrystistöð Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, til heimtu skaðabóta vegna fyrirvaralausrar og ástæðulausrar brottvikningar hans úr starfi 1. vélstjóra á m/b Heimaey, VE 1, hinn 5. mars 1977, kr. 490.225 ásamt með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 5. mars 1977 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi yrði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnanda, en til vara, að stefnukröfur stefnanda yrðu verulega lækkaðar og alls ekki teknar til greina með hærri fjárhæð en kr. 381.370 og í því tilviki yrði málskostnaður felldur niður.

Með stefnu, útgefinni 27. október 1977, höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu. Voru nú þær kröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 755.827 ásamt með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 5. mars 1977 til 1. ágúst 1977 og með 3% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu og skaðlausu, þar meðtalin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, enn fremur til viðurkenningar sjóveðréttar í m/b Heimaey, VE 1, til tryggingar öllum framangreindum kröfum.

Stefndi hefur krafist sýknu á kröfu þeirri, sem höfð er uppi í framhaldssökinni, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá var krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Loks var sérstaklega krafist lækkunar á vaxtakröfu.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

Mál þetta var fyrst dómtekið 2. mars sl., en endurupptekið 22. júní sl. með vísan til 120. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, og var nú lagt fyrir lögmann stefnanda að leiða fyrir dóminn vitnið Ara Sigurjónsson skipstjóra, er gefið hafði vottorð í málinu, en látið hafði undir höfuð leggjast að leiða vitnið fyrir dóminn. Þá var þess getið, að dómurinn hefði orðið óstarfhæfur stuttu eftir 2. mars, þar sem annar meðdómenda hefði skyndilega þurft að leggjast á spítala til uppskurðar. Málið var síðan dómtekið að nýju 2. nóvember sl. að undangengnum munnlegum málflutningi.

II.

MÁLAVEXTIR.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst í stefnu á þá leið, að stefnandi hafi verið ráðinn sem 1. vélstjóri á skip stefnda, m/b Heimaey, VE 1, og lögskráður á skipið 19. janúar 1977 til óákveðins tíma. Hins vegar hafi stefnanda verið sagt upp störfum sem 1. vélstjóra með símskeyti 7. mars 1977 með eftirfarandi tilgreindum ástæðum, „vegna margvíslegrar vanrækslu við gæslu vélarinnar.“ Þessi ummæli hafi hins vegar ekki haft við nein rök að styðjast, þar sem stefnandi hafi gætt vélarinnar af kostgæfni og í engu vanrækt starf sitt.

Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að gæslu vélarinnar hafi verið verulega áfátt og hafi vélin verið komin í mikla niðurniðslu, þegar stefnandi hætti störfum við hana. Stefnandi hafi auk þess mætt ölvaður til starfa í m/b Heimaey og framkoma hans að öðru leyti verið slík, að það hafi fullkomlega réttmætt uppsögn.

Þann 31. mars ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem hann mótmælir uppsögninni, sem hann segir fyrirvaralausar og ástæðulausa. Kveðst hann þar gera kröfu til greiðslu á fullu kaupi 1. vélstjóra á bátnum út vertíðina í samræmi við kjarasamninga. Þá mótmælir hann, að um vanrækslu í starfi hjá sér sem 1. vélstjóra hafi verið að ræða, og kveðst hafa gætt vélarinnar af kostgæfni, meðan hann var um borð sem 1. vélstjóri.

Hið áminnsta símskeyti stefnda til stefnanda er svohljóðandi: „hér með er yður sagt upp störfum sem 1. vélstjóra á Heimaey VE 1 frá 5/3 1977 vegna margvíslegrar vanrækslu við gæslu vélarinnar.“

Framburðir þeirra aðilja, sem komið hafa fyrir dóminn, eru sem hér segir:

Stefnandi sagði, að er hann hefði ráðið sig á bátinn, þá hafi hann sagt útgerðarmanninum og skipstjóra, að hann réði sig sem vélgæslumann, en gæti ekki unnið á dekki, þar sem hann væri sjúklingur og nýbúinn að gangast undir uppskurð. Hafi hann síðan verið ráðinn á bátinn til ákveðins tíma og fengið undanþágu, þar sem hann hafi haft réttindi á 500 hestafla vél, en 650 hestafla vél sé í m/b Heimaey. Hann taldi, að hin mikla smurolíueyðsla á vélinni hafi stafað af því, að ófaglærður maður hefði verið látinn rífa vélina sundur og setja hana síðan saman aftur í janúarmánuði, áður en úthald hófst. Við þessa samsetningu hafi hins vegar átt sér stað mistök, er vart hafi orðið við smurolíuleka í reynsluferð, áður en úthald hófst. Hann sagði, að útgerðarmaður eða skipstjóri hefði aldrei fundið að störfum sínum, en hann hafi minnst á það við skipstjóra, að eitthvað röttækt þyrfti að gera í smurolíulekanum, en sjálfur kveðst hann hafa unnið markvisst að því með útgerðarstjóra stefnda, Garðari Ásbjörnssyni, er hafi vélstjóraréttindi, að komast fyrir smurolíulekann og hafi verið langt kominn með það verk, er honum hafi verið sagt upp störfum, og sé því alls ekki rétt, að vélin hafi verið komin í mikla niðurníðslu, er hann hætti störfum við hana. Stefnandi Kristján staðfesti bréf það, er hann ritaði stefnda 31. mars 1977, og sagði, að viðbrögð stefnda við þessu bréfi hefðu verið þau, að hann hafi fengið sent uppgjör frá stefnda 20. apríl það ár og niðurstöðutölur þess verið kr. 257.928. Hafi hann skoðað þetta uppgjör sem uppgjör til 6. mars. Ekki hafi hann hins vegar kvittað fyrir móttöku á uppgjörinu, en móttekið greiðslu, er fylgdi uppgjörinu.

Vitnið Sigurgeir Garðar Ásbjörnsson vélstjóri, Illugagötu 10, Vestmannaeyjum, staðfesti, að stefnandi hefði rætt við sig, strax eftir fyrsta róður, vegna óeðlilegs smurolíuleka, en sagði, að hins vegar væri ekki rétt, er stefnandi héldi fram, að er þetta hafi verið kannað nánar, þá hafi komið í ljós mjög víða smurolíulekar, en hið rétta væri hins vegar, að smurolíuleki hafi komið fram við lok á smurolíudælu og rör, sem legið hafi frá henni. Vitnið taldi, að ekki væri rétt að segja, að vélin hefði verið komin í mikla niðurníðslu, er stefnandi hafi hætt störfum hjá stefnda, en hins vegar hafi stefnandi aldrei unnið við vélina í landlegum og hafi aldrei verið við, er á honum hafi þurft að halda í landlegum, en olíuleki hafi hins vegar ekki verið, er stefnandi hætti störfum, því þá hafi verið búið að gera við það, sem þurft hafi að gera við í því sambandi. Vitnið sagði, að því

hefði fundist ýmislegt aðfinnsluvert varðandi störf stefnanda, þ. e. að hann hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu og árvekni í störfum sínum, því ýmislegt hafi þurft að bæta úr, er báturinn hafi verið í landi. Vitnið sagði, að það væri hluti af starfi hans að finna að við vélstjóra bátanna, ef þess væri þörf, og hafi hann fundið að þessu aðgæsluleysi stefnanda oftast en einu sinni. Hins vegar kvaðst vitnið aldrei hafa kvartað skriflega við vélstjóran. Vitnið neitaði því, að það hefði verið að tillögum þess, að stefnanda var vikið af bátnum, en kvaðst hafa verið búið að ræða við útgerðarmann bátsins, Sigurð Einarsson, um störf stefnanda, áður en til uppsagnar kom.

Vitnið Ari Sigurjónsson sjómaður, Miðstræti 15, Vestmannaeyjum, sem var skipstjóri á m/b Heimaey á tímabili því, sem hér um ræðir, sagði, að Sigurður Einarsson útgerðarmaður hefði talað við sig, áður en til uppsagnarinnar, dskj. nr. 5, kom, og sagt sér, að sér biðist vélstjóri, sem væri reiðubúinn að vinna á dekki, og hafi Sigurður beðið sig um að segja stefnanda upp munnlega og síðan skildi hann sjá um eftirleikinn. Vitnið segist hafa verið á báðum áttum, en síðan fallist á beiðni Sigurðar útgerðarmanns og sagt stefnanda upp störfum munnlega vegna meintra mistaka, en ekki hafi verið rætt um uppsagnarfrest í þessu sambandi. Vitnið, sem tók fram, að það gæti á engan hátt staðið við hina tilfærðu ástæðu í uppsögninni, því það hefði ekki fundið nein mistök í starfi stefnanda, en hins vegar hafi það vantað ástæðu til að segja stefnanda upp störfum, en mikil úlfúð hafi verið meðal skipshafnarinnar og af þeim sökum og þar sem vélstjóri bauðst, sem var reiðubúinn að vinna á þilfari, þá sagðist vitnið hafa neyðst til að segja vélstjóranum upp störfum, þar sem mannskap hafi vantað á þilfar. Vitnið sagðist ekkert hafa haft við störf stefnanda að athuga, enda sagðist það ekki muna til þess að hafa fundið að störfum stefnanda, áður en til brottrekstrar kom. Vitnið gerði grein fyrir ráðningu stefnanda þannig, að Sigurður Einarsson útgerðarmaður hefði komið með stefnanda niður á bryggju og sagt, að hér byðist vélstjóri, en hann vildi ráða sig með þeim kjörum, að ekki væri um vinnu á þilfari af hans hendi að ræða. Vitnið kvaðst hafa ráðið stefnanda, þar sem ekki hefði boðist vélstjóri, þó lengi hefði verið auglýst, og þá hafi þessi kostur verið tekinn. Vitnið sagði, að eiginkona stefnanda hefði komið til sín með skjal og spurt sig, hvort það gæti skrifað undir það, sem í skjalinu stæði. Hafi hún sagt, að skjalið ætti að notast í máli eða sem meðmæli, ef stefnandi vildi

ráða sig á annan bát. Kvaðst vitnið nú hafa strikað yfir þau orð í skjalinu, sem það taldi sig ekki hafa kunnáttu til að meta um, en síðan skrifað undir það, sem eftir stóð af efni skjalsins. Þannig hafi staðið í skjalinu: „vann sína vinnu af fullum vilja“, en yfir það kvaðst vitnið hafa strikað, þar sem það hefði ekki neytt stefnanda til starfans eða þröngvað honum til hans. Einnig hafi það strikað yfir orðið „kostgæfni“, þar sem það taldi sig ekki hafa kunnáttu til að meta, hvort stefnandi vann vélstjórastörf sín af kostgæfni.

Vitnið Viðir Valgeirsson vélstjóri, Flötum 10, Vestmannaeyjum, sem tók við störfum af stefnanda sem 1. vélstjóri á m/b Heimaey, sagðist ekki geta tilgreint neitt það, sem bent gæti til handvamar stefnanda í starfi, bilanir þær, sem fram hafi komið, hafi verið vegna útleiðslu í rafmagni, og taldi vitnið, að þær yrðu ekki raktar til starfa stefnanda, heldur til lengri tíma.

III.

MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK AÐILJA.

Af hálfu stefnanda er byggt á því, að samkvæmt 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga skuli, ef ekki er öðruvísi um samið, uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum vélstjóra. Þar sem tilgreindar ástæður í uppsögn stefnanda hafi ekki við nein rök að styðjast, en stefnandi hafi gætt vélarinnar af kostgæfni og í engu vanrækt starf sitt og beri stefnanda því bætur fyrir hina ólögmetu uppsögn. Í munnlegum málflutningi var hér auk þess að því vikið, að ekki væri um það að ræða, að stefnandi hefði fengið áminningu eða aðvörun, áður en til uppsagnar kom.

Í aðalsök, eins og hún var framsett með stefnunni, er birt var 20. júní 1977, var af hálfu stefnanda byggt á vélstjórakaupi frá 5. mars til 5. júní 1977 skv. framlögðum reikningi, þ. e.:

kr. 147.000 pr. mán.	=	.. kr. 441.000
— 3.875 pr. mán. fastakaup	.. —	11.625
+ orlof 8.33 %	 —	37.600

Samtals kr. 490.225

Framhaldssök í málinu er af hálfu stefnanda rökstudd þannig, að undir rekstri málsins hafi komið í ljós, að stefnukröfur væru of lágar, þar sem vélstjóri sá, sem hafi tekið við starfi stefnanda, hafi haft í aflahlut fyrir vertíðina hærri hlut en kauptryggingu hafi numið. Vélstjóri þessi hafi þannig haft í hlut:

kr. 688.408 frá 4. mars 1977 til 15. maí 1977

— 9.300 í fastakaup

— 58.119 í orlof

Kr. 755.827 samtals, og verði því stefnukröfurnar í aðalsök og framhaldssök eftir framangreinda hækkun kr. 755.827. Vaxtakrafa í framhaldssök var hér miðuð við auglýsingu Seðlabanka Íslands um hækkun dráttarvaxta.

Af hálfu stefnda er í aðalsök aðallega byggt á því, að vanræksla stefnanda við gæslu vélarinnar hafi verið slík, að það hafi fullkomlega réttlætt uppsögn, sbr. 33. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Þannig hafi vélin verið komin í mikla niðurníðslu, þegar stefnandi hætti störfum við hana. Þá hafi framkoma stefnanda verið slík, að það hafi fullkomlega réttlætt uppsögn. Málflutningur lögmanns stefnanda verður ekki skilinn á annan veg en þann, að hér sé byggt á framburði vitnisins Sigurðar Garðars Ásbjörnssonar, og taldi sami lögmaður, að ákvæði sjómannalaga yrðu eigi skilin á annan veg en þann, að útgerðarmaður hefði víðtækari heimild til að segja skipverjum upp störfum en skipstjóri.

Varakrafa í aðalsök er af hálfu stefnda byggð á því, að stefnandi hafi verið ráðinn til vertíðarloka, 15. maí, og eigi því ekki kaup í lengri tíma, sbr. 13. gr. laga 67/1963 og vottorð skipstjórans, Ara Sigurjónssonar, dskj. 7, eða kr. 381.370. Þá er því og haldið fram af stefnda, að krafa stefnanda, eins og hún er fram sett í framhaldssök, sé of hátt reiknuð. Bendir lögmaðurinn á, að þann tíma, sem stefnandi var á bátnum, hafi greiðsla verið skv. kauptryggingu og beri við það að miða, er áætlaður sé hlutur stefnanda fram til 15. maí 1977, en við þau tímamörk miði stefnandi kröfugerð sína í framhaldssök.

IV.

NIÐURSTÖÐUR DÓMSINS.

Ljóst er, að stefnandi var ráðinn til að vinna í vél, en ekki á þilfari. Stefnandi hagaði störfum sínum í samræmi við þetta. Ekki var sérstaklega samið um uppsagnarfrest.

Stefndi hefur sönnunarbyrðina fyrir því, að um slíka vanrækslu af hendi stefnanda við gæslu vélarinnar hafi verið að ræða, er heimilað gæti stefnda að segja stefnanda upp störfum fyrirvaralaust og þannig, að kaupgreiðsla næði aðeins til uppsagnardags.

Vélarbilanir þær, sem fram komu, á meðan stefnandi gegndi störfum 1. vélstjóra á bátnum, verða eigi raktar til starfa hans þar. Framburður Ara Sigurjónssonar skipstjóra verður ekki skilinn á annan veg en þann, að stefnanda hafi verið sagt upp störfum án saka. Sigurður Einarsson útgerðarmaður, framkvæmdastjóri hins stefnda fyrirtækis, sem ritaði undir hina formlegu uppsögn (dskj. 5), hefur ekki gefið skýrslu hér fyrir dóminum.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og í samræmi við það, sem fram hefur komið í málinu, eins og það hefur verið lagt hér fyrir dóminn, þykir ekkert það hafa komið fram, sem sýnir, að stefnandi hafi sýnt af sér slíka vanrækslu við gæslu vélarinnar, að réttlætt gæti, að stefnanda yrði sagt upp störfum 1. vélstjóra á bátnum, án þess að hann nyti réttar skv. 2. mgr. 13. gr. laga 67/1963.

Niðurstaða málsins að þessu leyti verður því sú, að viðurkenndur er réttur stefnanda til skaðabóta vegna uppsagnarinnar.

Er skaðabætur til stefnanda eru ákvarðaðar, verður eftirfarandi haft í huga:

Eins og að framan er rakið, átti stefnandi þriggja mánaða uppsagnarfrest að lögum.

Við það ber að miða bætur stefnanda, að hann verði fjárhagslega eins settur eins og engin uppsögn hefði til komið. Þegar til þess er litið, að kröfugerð sína í framhaldssök miðar stefnandi við 15. maí 1977, verða stefnanda ekki ákvarðaðar bætur til lengri tíma, sbr. 113. gr. laga 85/1936. Samkvæmt þessu og þar sem stefnandi hefði fengið greitt kaup miðað við hlut, ef hann hefði haldið áfram störfum hjá stefnda, þykir mega miða við kröfur stefnanda í framhaldssök eins og gerð er grein fyrir þeim hér að framan. Vextir af kröfu þeirri, sem um er fjallað í máli þessu, fara hins vegar ekki eftir reglum um vanskilavexti, heldur ber að miða við almenna innlánsvexti á því tímabili, sem hér er fjallað um, 13% (frá 7. mars 1977), 16% (frá 21. nóvember 1977) og 19% (frá 20. febrúar 1978). Viðurkenna ber sjöveðrétt stefnanda í m/s Heimaey, VE 1, til tryggingar kröfu hans, sbr. 1. mgr., 2. tl., 216. gr. laga 66/1963. Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er hæfilega reiknast kr. 180.000.

Lyktir málsins þykja því verða á þessa leið:

Stefndi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, greiði stefnanda, Kristjáni Sigurjónssyni, kr. 755.827 ásamt 13% ársvöxtum frá 5. mars 1977 til 21. nóvember sama árs, en með 16% ársvöxtum

frá þeim degi til 20. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Jón Ragnar Þorsteinsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Tryggva Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, greiði stefnanda, Kristjáni Sigurjónssyni, kr. 755.827 ásamt 13% ársvöxtum frá 5. mars 1977 til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Heimaey, VE 1, fyrir hinum dæmdu kröfum.

Föstudaginn 3. apríl 1981.

Nr. 14/1980. **Úlfar Örn Harðarson og**
Rúnar Smárason
 (Guðjón Steingrímsson hrl.)
 gegn
Presti Þórhallssyni
 (Skúli Pálsson hrl.).

Varnarþing. Ömerking. Frávísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld. Útivist stefndu í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 7. janúar 1980. Áfrýjendur